

## AUGLÝSING

### um óverulega breytingu deiliskipulags vestursvæðis við Grundartanga, Klafastaðavegur 4, lóð Kratus hf., Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti þann 24. mars 2015 óverulega breytingu deiliskipulags vestursvæðis við Grundartanga, Klafastaðavegur 4, lóð Kratus hf.

Óveruleg breyting deiliskipulags nær til byggingarreits á lóðinni að Klafastaðavegi 4. Breytingin felur í sér breytingu á afmörkun byggingarreits. Afmörkun á suðausturhlið byggingarreits, sem snýr að Klafastaðavegi, er hnikað í átt að veginum og myndað er 90° horn á byggingarreit. Stækkun á byggingarreit er um 90 m<sup>2</sup> fer úr því að vera 2.627 m<sup>2</sup> í 2.717 m<sup>2</sup>.

Breyting deiliskipulags hefur hlotið meðferð, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*Hvalfjarðarsveit, 16. apríl 2015.*

F.h. sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar,

**Ólafur Melsted** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 30. apríl 2015